


Gildandi deiliskipulag af lóð nr. 60 við Lindargötu,
samþykkt í skipulags- og byggingarnefnd, 24.04.2002

Mkv 1:500

## Skilmálar gildandi deiliskipulags

Lóðin nr. 60 við Lindargögu er 344,7 ferm., eignarlóð, skv. upplýsingum frá mælingardeild borgarverkfræðings.
Gert er ráð fyrir að byggja megi 2 hæðir og ris á háum kjallara á lóðinni innan byggingarreits, með mænisstefnu framhúss meðfram götu en viðbyggingu hornrétt á þá stefnu. Heimilt er að gera einfalda þakkvisti í samræmi við gerð hússins. Þakhalli verði um 40°. Nýtingarhlutfall verði ekki hærra en 1.0 á lóð.

Kjallari verði steyptur og múrhúðaður utan en gert er ráð fyrir að hæðir hússins verði úr timbri og klæddar bárujárni eða að hluta steyptar og klæddar bárujárni. Frágangur glugga verði með þeim hætti sem einkennir hús frá fyrri hluta 20. aldar, sbr. ákvæði um byggðamynstur. Hluti þeirrar byggingar sem fyrirhugað er að reisa á lóðinni er vestasti hluti hússins Aðalstræti 16, byggður 1902, um 47 ferm. að grunnfleti. Verður það flutt og sett á steyptan kjallara að götu. Stigahús verði steypt við vesturgafl.

Gert er ráð fyrir að friðunarákvæðum, sem þar giltu, verði létt af þessum húshluta en engu að síður gert ráð fyrir að helstu séreinkennum verði haldið og það sem byggt er við taki mið af þeim. Gert er ráð fyrir 2 íbúðum í húsinu og 1 bílastæði á lóð.

Í deiliskipulagi var áður gert ráð fyrir að byggja mætti alla breidd lóðarinnar að götu eins og áður hafði verið. Til þess að komast að lóðinni var því kvöð um umferðarrétt yfir lóð nr. 73 við Hverfisgötu. Þar sem ekki verður byggt milli lóðamarka skv. deiliskipulagi er lagt til að sú kvöð verði felld niður.







Nýtt deiliskipulag af lóð nr. 60 við Lindargötu.

Mkv 1:500

## Breytingar frá gildandi deiliskipulagi

Bílastæði vestan við hús nr. 60 við Lindargötu færist innar á lóð og nýtt bílastæði er sett austan við húsið.

Grunnur fyrir afstöðumynd er fenginn frá LUKR með sérstöku leyfi.
Hæðartala á gangstétt við hús er fengin hjá Gatnadeild Reykjavíkurborgar

Deiliskipulagsbreyting þessi sem grenndarkynnt hefur verið skv. 2. málsgrein 26. greinar skipulags-og byggingarlaga nr. 73/1997 var samþykkt í BORGARRÁÐI

þann 21. janúar ~~2002~~ 2003
Helga Bragadóttir

Borgarsjóður tekur að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Auglýst í B-deild Stjórnartíðinda__________ 2002

# SKÚLAGÖTUSVÆÐI

## Breyting á deiliskipulagi, lóð Lindargötu 60

18. 11. 2002
Mkv.:1:500

Teiknistofan Skólavörðustíg 28 sf., 101 Reykjavík
S: 552 1760, fax 562 1687, netf. tsk28@simnet.is